

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hörgársveit.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á 183. fundi sínum 28. apríl 2025 eftirfarandi:

*Hagabrekka 10, L232805, og 12, L233394, í landi Glæsibæjar, 1. áfangi – óveruleg deiliskipulagsbreyting.*

Breyting er gerð á lóðarmörkum og stærðum lóðanna að Hagabrekku 10 og 12, þar sem samliggjandi lóðarmörkum þeirra er breytt þannig að þau verða bogadregin.

Lóð 12 stækkar um 288,7 m<sup>2</sup> á kostnað lóðar 10.

Landeigandi Glæsibæjar, L152488, lætur eftir 658,0 m<sup>2</sup> af óskipulögðu svæði sínu við vesturhlið lóðar 10.

Lóðarstærðir verða eftir breytinguna eins og hér segir:

Hagabrekka 10: 3.799,2 m<sup>2</sup>. Hagabrekka 12: 3.060,7 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagsbreytingin telst óveruleg með tilliti til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi. Aðrir skipulagsskilmálar lóðarinnar breytast ekki.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á 185. fundi sínum 22. maí 2025 eftirfarandi:

*Hjalteyrarvegur 15, L239279 – óveruleg breyting á deiliskipulagi, stækkun á byggingarreit.*

Deiliskipulagsbreytingin telst óveruleg með tilliti til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi, fallið er frá grenndarkynningu skipulagsbreytingarinnar með vísan til 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Aðrir skipulagsskilmálar lóðarinnar breytast ekki.

*Hagaflöt 1, 3, 5, 2, 4 og 6 – óveruleg breyting á deiliskipulagi, stækkun á byggingarreit.*

Deiliskipulagsbreytingin telst óveruleg með tilliti til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi, fallið er frá grenndarkynningu skipulagsbreytingarinnar með vísan til 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Aðrir skipulagsskilmálar lóðarinnar breytast ekki.

*F.h. Hörgársveitar, 12. júní 2025.*

**Arnar Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 2. júlí 2025